

**10** Þó skal það eigi teljast brot, þótt einstök brauð sjeu 4<sup>0</sup>/<sub>0</sub> ljettari, en ákveðið er, en 10. mars á þyngd 20 brauða má mismunurinn aðeins vera 1<sup>0</sup>/<sub>0</sub>.

3. gr.

Bröt gegn samþykkt þessari varða sektum, 25—500 kr., er renni í bæjarsjóð Hafnarfjarðarkaupstaðar.

Með mál út af brötum gegn samþykkt þessari, skal farið sem opinber lögreglumál.

4. gr.

Samþykkt þessi öðlast gildi þegar í stað.

Samþykkt þessi, sem gjörð er af bæjarstjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum 16. mars 1917 um þyngd bakarabrauða, staðfestist hjernæð<sup>1</sup>

**Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 10. mars 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*

**11**  
26. mars

# Reglur

**um kosningu borgarstjóra í Reykjavík.**

1. gr.

Þegar kjósa á borgarstjóra skal auglýsa stöðuna í lögbirtingablaðinu og dagblöðunum í Reykjavík og tiltaka framboðsfrest í auglýsingunni. Framboð skulu komin til kjörstjórnar minst 14 dögum áður en kosning á fram að fara og framboðsfrestur skal eigi vera skemri en mánuður,

Regluleg borgarstjóraskifti verða 1. júlí 6. hvert ár og skal kosning þá fara fram í janúarmánuði það ár að afstaðinni bæjarstjórnarkosningu, en framboðsfrestur vera til 15 desember árið áður.

2. gr.

Kosningin er leynileg. Kosningarrjett eiga allir hinir sömu — konur og karlar — sem kosningarrjett hafa til bæjarstjórnar.

3. gr.

Kjörstjórn skal skipuð forseta bæjarstjórnar og 2 bæjarfulltrúum, sem bæjarstjórnin

kýs. Er forseti oddviti kjörstjórnar og í forföllum hans kemur varaforseti bæjarstjórnarinnar **11** í hans stað. Þess utan kýs bæjarstjórnin 2 bæjarfulltrúa til vara í kjörstjórnina og er sá fyrri 26. mars varamaður, sem fyr er kosinn, eða flest atkvæði fær.

Frambjóðandi getur ekki átí sæti í kjörstjórn.

#### 4. gr.

Kjörstjórnin semur kjörskrá yfir kjósendur á sama hátt og til bæjarstjórnarkosninga. Kjörskráin skal vera til sýnis á opinberum stað í 14 daga á undan kjördegi. Kærum um, að nokkur sje vantalinur eða oftalinur á kjörskrá skal senda kjörstjórninni innan 15 daga eftir að kjörskráin var lögð fram og leggur kjörstjórnin úrskurð á kærurnar áður en kosning fer fram. Kærum sem sama fram seinna má kjörstjórnin ekki taka til greina.

#### 5. gr.

Frambjóðendur skulu senda kjörstjórninni framboð sitt skriflega svo snemma, að það sje komið í hendur oddvita kjörstjórnar innan þess frests, sem tiltekinn er í auglýsingu þeirri er getur um í 1. gr.

Framboði skal fylgja skrifleg yfirlýsing að minsta kosti 50 kjósenda um að þeir mæli með kosningu framboðanda. Meðmælendur skulu tilgreina við nöfn sín stöðu sína og bústað.

Nú deyr frambjóðandi áður en kosning fer fram, en eftir að framboðsfrestur er liðinn eða á næstu þrem sólarhringum fyrir það tímamark, og má þá annar maður innan viku bjóða sig fram, ef fullur helmingur af meðmælendum hins látna eru meðal meðmælenda hans.

#### 6. gr.

Þegar framboðsfrestur er liðinn skal kjörstjórnin tafarlaust gera almenningi kunnugt með uppfestum auglýsingum hverjir verði í kjöri og láta fullgera kjörseðla fyrir kosninguna. En hafi aðeins einn maður boðið sig fram þarf engin kosning fram að fara, heldur lýsir kjörstjórnin hann sjálfkjörinn, og gefur honum kjörbrjef.

Kjörseðlar skulu búnir til úr haldgóðum pappír, sem prent og skrift sjest ekki í gegn um, þegar letrið snýr niður. Sjeu þeir allir nákvæmlega jafnstórir, eins í lagi og með sama lit. Á hvern seðil skal skrá með störu og skýru prentletri nöfn allra framboðenda og skulu þau standa í stafrófsröð hvert niður undan öðru. Eigi tveir eða fleiri framboðendur að öllu samnefnt, skal einkenna þá til aðgreiningar með heimilisnafni eða stöðu.

Milli nafna framboðenda skulu vera feit og skýr þverstryk og hæfilegt bil fyrir kross fyrir framan hvert nafn. Fyrirsögn skal vera á kjörseðli: »Kjörseðill við kosningu borgarstjóra í Reykjavík \_\_\_\_\_dag \_\_\_\_\_mánaðar 19\_\_\_\_«, en að öðru leyti ekkert annað á kjörseðli letrað, en að ofan greinir.

Kjörseðlar skulu vera brotnir saman með óprentuðu hliðina út, og skal svo frá broti gengið, að auðvelt sje að leggja þá aftur í sama brot, er þeir eru notaðir.

#### 7. gr.

Oddviti kjörstjórnarinnar skal boða dag, stað og stundu, er kosningar skulu fram fara, að minsta kosti viku á undan, og á þann hátt, sem almennur er um opinberar auglýsingar.

#### 8. gr.

Kosningin fer fram í svo mörgum kjördeildum, sem bæjarstjórnin ákveður og skipar

**11** hún þrjá kjósendur í undirkjörstjórn fyrir hverja deild til að taka á móti atkvæðum. Fatlist 26. mars undirkjörstjóri frá starfinu skipar kjörstjórnin annan kjósanda í hans stað.

9. gr.

Í hverri kjördeild skal vera kjörklefi og atkvæðakassi.

Í kjörklefa skal aðeins vera gengt úr kjördeildarstofunni og skal vera þannig tjaldað fyrir klefann, að inn í hann verði ekki sjeð að utan, en inni í honum skal vera svo hjart, að hægt sje að lesa skrifað mál þar inni. Í klefanum skal vera borð og einn eða tveir almennir svartir linir blýantar.

Atkvæðakassi skal vera með loki á hjörum og góðri læsingu fyrir. Á lokinu skal vera rifa til að stinga niður um kjörseðlum.

10. gr.

Frá því er kosningarathöfnin hefst, skulu listar með nöfnum frambjóðenda festir upp í kjördeildarstofunum. Þar skal og vera upp fest prentuð leiðbeining fyrir kjósendur, sem hefir inni að halda öll hin verulegustu ákvæði þessara reglna.

11. gr.

Kosningarathöfnin hefst þannig, að oddviti skýrir frá, hverjir sjeu í kjörstjórn, hve margar sjeu kjördeildir, kvernig kjósendum sje skift í þær og hverjir sjeu í undirkjörstjórn hverrar deildar, svo og hverjir frambjóðendur sjeu í kjöri. Þvínæst gengur kjörstjórnin um allar kjördeildir, sýnir atkvæðakassana, svo að sjaist, að þeir sjeu tómir, læsir þeim síðan og geymir oddviti alla lyklna.

Þvínæst byrjar kosningarathöfnin og meðan hún stendur yfir mega ekki án leyfis undirkjörstjórnar vera aðrir í kjördeildarstofunni með henni en kjörstjórnin, frambjóðendur og tveir umboðsmenn hvers þeirra svo og mest 4 kjósendur, sem koma og fara. Dyraverðir skulu vera við dyr hverrar kjördeildarstofu.

Kjósendur koma fram og kjósa í þeirri röð er þeim sjálfum list, og eftir því, sem þeir komast að. Þegar komið er inn í kjördeildarstofu gengur kjósendinn til undirkjörstjórnar, sem fær honum kjörseðil þegar hún hefir kannast við hann og sannfært sig um, að nafn hans standi á kjörskrá. Ekki má undirkjörstjórn meina neinum manni að kjósa, ef nafn hans stendur á kjörskrá og engum leyfa það, ef nafn hans stendur ekki á kjörskrá, en verði ágrein- ingur sker kjörstjórnin úr.

Þegar kjósendi hefir tekið við kjörseðli fer hann með hann inn í kjörklefann, að borði því, er þar stendur og með blýanti þeim, sem þar er, gjörir hann kross fyrir framan nafn þess frambjóðanda á kjörseðlinum, sem hann vill atkvæði gefa. Ekki má gera neitt annað merki á kjörseðilinn en þenna eina kross og ekki strika út nokkurt nafn á honum.

Að svo búnu brýtur kjósendinn kjörseðilinn saman í sömu brot sem hann var í, er hann tók við honum, gengur síðan út úr kjörklefanum að atkvæðakassanum og stingur seðli- num þannig samanbrotnum gegnum rifuna á lokinu og fer þvínæst út úr kjördeildarstofunni.

Einn undirkjörstjórnin skal hafa fyrir sjer eftirrit af kjörskránni, og gera merki við nafn hvers kjósenda, jafnóðum og hann hefir neytt kosningarrjettar síns, en annar undirkjör- stjórnin skal rita nöfn þeirra, er atkvæði greiða, og tölu á kjörskrá, á sjerstaka skrá með áframhaldandi töluröð fyrir framan hvert nafn.

Kjósendur, sem ekki geta verið viðstaddir á kjördegi, geta neytt atkvæðisrjettar síns, eftir sömu reglum og nú gilda undir sömu kringumstæðum við kosningar til Alþingis.

Nú skýrir kjósandi undirkjörstjórn frá því, að hann sakir sjónleysis, eða af öðrum ástæðum, **11**  
er undirkjörstjórn tekur gildar, sje ófær til að framkvæma kosninguna á fyrirskipaðan hátt **26. mars**  
og skal þá sá undirkjörstjóri, er kjósandi tilnefni, veita honum aðstoð til þess í kjörklefanum.

Ef kjörseðill rangmerkist eða skemmist á einhvern hátt eftir að kjósandi tók við  
honum, þá getur kjósandinn afhent undirkjörstjórninni hinn skemda seðil og fengið í staðinn  
nýjan kjörseðil, ef seðlabirgðirnar eru ekki þ.otnar, enda sje ekki ástæða til að ætla, að hann  
hafi ónýtt seðilinn af ásettu ráði.

### 12. gr.

Kosningargjörðin má ekki standa yfir skemur en 3 tíma, en þegar sá tími er liðinn  
og ekki gefa sig fram fleiri kjósendur, lýsir oddviti því yfir, að kjörstjórnin greiði atkvæði og  
að kosningarathöfninni sje þvínæst lokið. Oddviti greiðir síðast, atkvæði og má ekki eftir  
það taka við neinum atkvæðum.

Enginn kjósandi, er kosið hefir, skal skyldur til fyrir rjetti, í hvaða máli sem er, að  
skýra frá, hvern hann hafi kosið.

Enginn úr kjörstjórnunum, eða nokkur sá, sem samkvæmt 10. gr. er staddur í kjör-  
deildarstofunum, má meðan á atkvæðagreiðslu stendur gefa nokkrum kjósenda ráð, tilvísun eða  
áminningu um, hvaða frambjóðanda skuli kjósa og á kjörstaðnum yfirleitt má ekki útbýta,  
festa upp eða hafa til sýnis neinskouar skrifuð eða prentuð meðmæli eða ummæli um frambjóð-  
endur, nje heldur í heyrenda hljóði mæla með frambjóðanda eða mót.

Enginn má heldur skýra frá því, sem hann í kjördeildarstofu kann að hafa orðið  
áskynja um, hvernig einhver kjósandi hefir kosið.

Brot gegu þessum ákvæðum varða fangelsi, ekki miuna en viku einföldu fangelsi eða  
sektum, ef málsbætur eru, þó ekki undir 20 krónum.

### 13. gr.

Talning atkvæða fer fram í heyrenda hljóði þegar er kosningarathöfninni en lokið.  
Oddviti kjörstjórnarinnar opnar atkvæðakassana, einn og einn lætur kjörseðlana úr atkvæða-  
kössum allra kjördeildanna saman í eitt hæfilega stórt tómt ílát með loki yfir og skulu seðil-  
arnir hristir vel saman, áður talning byrjar.

Því næst tekur oddviti upp úr ílátinu einn og einn kjörseðil í einu, og les upp nafn þess  
frambjóðanda, sem krossað er við. Sýnir hann kjörseðlana jafnóðum viðstöddum frambjóðendum  
eða umboðsmönnum þeirra og leggur þá svo frá sjer, þannig, að þeir kjörseðlar, sem eru sam-  
merktir, sjeu í bunka sjer og ógildir eða auðir seðlar í bunka sjer, en meðkjörstjórar merkja  
jafnótt á blað, hvað margir seðlar fara í hvern bunka.

Kjörseðill verður ógildur, ef bert verður við talning atkvæða, að kjósandi hefir:

sett kross við fleiri en eitt nafn, skrifað nafn sitt á seðilinn, sett á hann strik eða rispu  
eða önnur slík einkenni, er geti gert seðilinn þekkanlegan og ekki bera með sjer að sje  
af óvilja gert, eða notað annan seðil en kjörstjórnin hefir afhent honum.

Þegar allir kjörseðlarnir eru upp lesnir og atkvæðin skráð, telur kjörstjórnin atkvæð-  
in saman með nákvæmu eftirliti frambjóðenda eða umboðsmanna þeirra og ber samtöluna sam-  
an við tölu greiddra atkvæða samkvæmt atkvæðisskrám kjördeildanna og lýsir því næst þann fram-  
bjóðanda kosiun, sem hlotið hefir flest atkvæði, er hún telur gild, og gefur honum kjörbrjef.

Nú fá tveir eða fleiri þeirra frambjóðenda, er flest atkvæði hljóta jafnmörg atkvæði;  
ákveður bæjarstjórnin þá hverjum þeirra skuli veitt staðan, og gilda þar um sömu reglur og  
áður um kosningu borgarstjóra.

**11** Kjörstjórnin skal þegar að lokinni kosningu senda bæjarstjórninni skriflega tilkynningu um úrslit kosningarinnar.

Allt sem snertir kosninguna og úrskurði alla skal kjörstjórnin rita í hina almennu kjörbók bæjarins.

14. gr.

Sá, sem hefir eitthvað að kæra yfir kosningargjörð skal innan viku eftir að kosning fór fram bera kæru sína skriflega fram fyrir bæjarstjórnina, en hún leitar álits kjörstjórnar, sem skal senda álit sitt innan 3 daga og leggur bæjarstjórnin því næst úrskurð sinn á kæruna áður en 14 dagar eru liðnir frá því að kærnan barst henni. Úrskurði bæjarstjórnar má innan viku frá því hann var upp kveðinn áfrýja til stjórnarráðsins sem þá leggur endanlegan úrskurð á málið.

Verði kosning úrskurðuð ógild skal ný kosning fara fram svo fljótt, sem því verður við komið.

15. gr.

Verði kosning ógild skal ný kosning fara fram á sama hátt að öðru leyti en því, að kjörstjórn er þá heimilt að stytta fresti þá, sem ákveðnir eru í reglum þessum.

16. gr.

Bráðabirgðaákvæði:

Arið 1920 fer borgarstjórakosning fram 1. eða 2. laugardag í maímánuði, en framboðsfrestur skal vera til 15. apríl s. á.

Reglur þessar eru hjermeð settar samkvæmt lögum nr. 48, 30. nóvember 1914, eftir tillögum bæjarstjórnarinnar í Reykjavík.

**A vinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 26. mars 1920.**

**Pjetur Jónsson.**

*Oddur Hermannsson.*